



EAB Leiðbeiningar við uppsetningu. Hurð í 4 hlutum

1 - Undirbúningur

Berið saman ljósmálið á teikningunni og í veggnum. Kannið að hliðarnar séu alveg lóðréttar og að gólfið sé alveg lárétt þar sem hurðin kemur til með að fara um.

Takið burt trélistana sem eru til varnar gúmmí listanna, klossar sem eru úr frauðgúmmí á ekki að taka.

Stýri og burðarbúnaður hurðar ræðst af stærð hurðar. Skrúfið viðeigandi stýribúnað á efri kant hurðarblaðsins áður en það er reist upp.



Stillið stýringarnar svo leguhjólin séu í sömu hæð á báðum flekunum og læsið með róinni.

Til að fá hurðina í rétta hæð þá stillið hurðinni á 25-30mm klossa í hurðargatið.

Setjið gott undirlegg á gólfið fyrir framan hurðargatið, leggið hurðarspjöldin í réttri röð á undirleggið. Sjáið til að allir rílalásar séu í opinni stöðu.

Smyrjið feiti á lamapinnana sem eru á milli blaðanna setjið saman.

Efsta millilömin er með 12 mm lása ró, dragið rónna alveg í botn og snúið svo til baka ca ¼ úr hring, eftir uppsetningu er gott að athuga vort læsinga róinn sé ekki læst..




2 - Uppsetning fyrri helmings hurðarinnar

Reisið upp fyrri helming hurðarinnar á klossana. Komið spjaldinu þannig fyrir að það sé ca 25 mm frá hliðarveggnum (sjá mynd við kafla 4.) Bilið fyrir ofan hurðina á að vera ca 20mm. Á hurðum undir 2,5 á hæð skal bilið vera 25 mm (sjá mynd neðan).


Stillið hæðina með undirleggi svo hurðarblöðin standi bein með örlitlum halla að miðjunni þar sem hurðin leggst aðeins eftir uppsetningu.

Sjáið til að ekki sé hætt á að hurðin falli niður meðan á uppsetningu stendur, hægt er að not vinkla sem fylgja með, (sjóðið þá á við yfirstykki karmsins, sjá mynd) notið ef þarf tréfleyga til að festa hurðina. Athugið að vinklarnir eru soðnir á ólíkan hátt hvort sé um að ræða 40mm eða 60 mm hurðarspjöld. Munið að taka vinklana þegar lamirnar hafa verið soðnar á karminn.



Hurðir undir 2,5 m hæð

Til að minnka hættu á að klemmast skal sett klemmuvörn að ofanverðu 25mm frá karmi samkv teikningu.




3 - Uppsettning seinni helming hurðarinnar

Reisið upp seinni hurðarspjöldin, sjáið til að báðir helmingarnir séu í sömu hæð. Passið uppá að bilið fyrir ofan hurð sé ca 20mm. Hurðir undir 2,5 m eru með "klemmuöryggi" að ofanverðu og eiga að vera 25 mm fyrir neðan karm (samkv kafla 2).

Festið hurðarblöðin á sama hátt og fyrri helmingurinn var festur.


Stillið hurðina þannig að bilið á milli helminganna sé 130mm. Bilið á hliðunum ætti þá að vera ca 25mm, ef ekki jafnið þá svo bilið sé hið sama beggja megin.



4 - Lamirnar soðnar á karmana

Smyrjið lamapinnana, festið á lausu lömina á með þvingu og passið að þær snúi rétt (sjá mynd).

Efri lamirnar eru með lás ró eins og í miðjulöminni, (sjá fyrri síðu).





Þrýstið hurðarhelmingnum að karminum svo gúmmílistinn þétti vel og sjóðið lamirnar fasta við karminn, sjóðið aðeins að ofanverðu eða neðanverðu. Lamirnar heilsjóðast þegar öll hurðin er uppsett og búið er að prófa að oppna og loka og sjá til að allt virki.

5 – Rílar


Lokið allri hurðinni. Leggið gólfælasinguna þar sem ríllinn á að læsast í gólfinu, merkið fyrir ferhyrningsgatinu og fyrir boltunum. Borið fyrir skrufunum með 5mm bor og fyrir ferningnum með 10mm bor, hreinsið úr götunum og komið festingunni fyrir og skrúfið fasta.

Læsið síðan hurðinni með rílum og merkið staðinn þar sem ríllinn kemur að ofanverðu.

Hurðir sem oppnast inn og eru fyrir mótóroppnun eru með vinklaða stýringu svo ekki er hægt að nota venjulegt læsingarjárn fyrir rílana, í staðinn læsir í hann fyrir aftan stýribrautina (efri ríllinn gæti þurft að beygja svo hann passi betur.



Hurðir sem **oppnast út**, skrúfið eða sjóðið læsingaplötuna sem fylgir með.





6 - Stýribrautir og stopparar

Stýringar

Sjóðið fasta eða skrúfið brautafestinguna í miðju karmsins ofanverðan 75mm frá efri kant hurðarinnar. Oppnið hurðina og festið brautina samkv mynd.

Festið ytri brautarfestingarnar samkv mynd, sjáið til að stýringarnar séu láréttar og skrúfið eða sjóðið brautarfestingarnar við karminn, látið hurðirnar vera alveg oppnar og stillið brautirnar á ytri brautarfestingarnar.

Lokið hurðinni og sjáið til þess að leguhjólin lendi í miðju brautarinnar. Stillið bilið milli karms og brautar þéttingarnar þétti vel við karminn, sjáið til að allar rær og boltar séu vel hertir og kannið hvort ekki sé auðvelt að loka og oppna hurðina.



Burðarstýring

Losið á skrúfunum við brautarendana svo hægt sé að stilla þær. Lokið hurðinni og stillið brautunum á burðarhjólið.


Sjóðið brautarfestinguna sem er fyrir miðri hurð. Sjáið til að stýringarnar séu láréttar við hvor aðra og sjóðið þær líka fastar við karminn. Oppnið hurðina þannig að hún sé í réttri opinni stöðu og stillið ytri festingarnar.

Sjáið til að allir boltar og skrúfur séu vel fastar. Kannið hvort hurðin oppnist og lokist auðveldlega. Athugið að brautin haldi burði hurðarinnar alla leið, sjóðið síðan saman stillanlegu brautarfestingarnar.

Hurðarstoppari

Ef hurðin oppnast út og er hugsuð fyrir 95° oppnunarvinkil skal hurðarstopp sem fylgja hurðinni festast upp svo hurðin sé vindþolin í opinni stöðu.

Hurðarstoppararnir festast upp undir stýri/burðarbrautinni og er soðin eða skrúfuð í karminn eða vegginn.



7 - Meðfylgandi stýringar

Stýringin festist í gólfið samkv myndinni.

Hægt er að stilla boltann undir hurðinni svo hann hafi grip í stýringunni og gangi samt sem áður frítt við golf og ríla læsingarjárníð, læsið stillingunni með stopprónni.



Kannið svo stoppróinn sé vel læst, annars getur boltinn losnað og og hindrað hreyfanleika hurðarinnar.

Passið að þegar festingar eru settar á hurðina að það sé stálprófíll á bakvið svo ekki sé bara fest í blikklæðninguna.

Festið handfangið á þægilegum stað en passið að það lendi ekki á rílalæsingunni í opinni stöðu.



Gúmmí stopparar festast á kantinn fyrir miðri hurð, sjáið til að það sé prófíll á bak við þar sem þeir festast

Hurðir með oppnunarvinkel 95° þarf að setja samlæsingarjárn. Oppnið hurðina, haldið samlæsingarjárninu svo bæði krækjan og mótstykkið lendi á prófil, byrjið á að festa upp krækjuna. Festið svo mótstykkið svo krókurinn hakist í þegar hurðin er oppnum og auðvelt sé að losa hann úr líka.



Hurðahaldari

Sjá má á myndunum að neðan hvar krókar og gúmmístopparar eru á hurðinni bæði út og inn oppnum.



8 – Lokafrágangur (og uppsetning mótordrifs)

Athugið hvort auðvelt sé að oppna og loka hurðinni og klárið síðan að sjóða lamirnar, hreinsið suðuna og berið ryðvörn á allar suður.

Ef og þegar mótordrif er sett upp skal fylgja meðfylgjandi leiðbeiningum vel. Sjáið til að festiplatan sem mótorplatan festist á sé vel fest í vegginn eins og leiðbeiningar sýna.

Ef gönguhurð er í hurðinni er nauðsynlegt að hafa hurðaröryggi sem sér til að ekki sé hægt að oppna stróru hurðina sé gönguhurðin opinn. Passa skal að allar festingar hafi góða festu á bak við klæðninguna.

Hurðir sem eru undir 2,5 m og er ætlunin að hafa með mótordrifi geta borið með sér hættu á að klemmast milli hurðarinnar og mótorsætinu verður því að setja viðeigandi klemmuvörn á hurðina. Hávaðamengun frá mótordrifinni hurð fer ekki yfir 70 db (A).

9 – CE-Merking

Yfirlýsing og samræmismat (sjá neðan) gildir um ósamsetta hurð. Ef EAB AB eða eitthvað af uppsetningarfyrirtækjum EAB setur upp og tengir mótorbúnað getur CE merkingin jafnvel gillt um uppsetningu og öryggiskröfur. Í þessu tilfelli er yfirlýsingin ógild. EAB AB getur gefið út nýja yfirlýsingu að uppsetningu og skoðun lokinni.

10 – Viðhald og færslubók

Það er á hurðareigandans ábyrgð að viðhalda og gera við hurðina verði hún fyrir skaða að einhverju leyti og sjá til þess að hurðin haldist í sinni upprunalegu mynd. Allt viðhald og viðgerðir, breytingar og skoðun skal færa inn í færslubókina sem fylgir með.

Það er ekki leyfilegt að festa eitthvað með skörpum köntum eða oddhvössum endum, ekki skal festast neitt í vegg eða gólf sem getur orsakað hættu á að klemmast.

Viðhald og viðgerðir ættu einungis að framkvæma af viðurkenndum iðnaðarmanni með góða kunnáttu svo CE merkingin haldi sínu gildi. Það er á ábyrgð eiganda að mótordrifin hurð sé tekin til skoðunar 2 árum eftir uppsetningu.

Ábyrgðar yfirlýsing

EAB AB ábyrgist að mótordrifin hurð samræmist skyllirðum mótordrifs (2006/42/EG) lágspennutílskipun (2006/95/EG) og EMC-tílskipuninni (2004/108/EG).

Við tryggjum samhæfingu staðalsins "EN 13241-1+A1:2011 Hurðar – Stöðluð vara – Kafli 1: Vörur án uppgefins brunamótstands eða reykvörn" hefur notast.

Þessi yfirlýsing gildir seldra mótordrifa hurð en ekki uppsetningu og tengingu. Trygging þessi gildir fyrir drifbúnað frá DAAB.

Ætlast er til að skoðun fari fram af viðurkenndum fagmanni áður en hurðin er tekin í notkun.

Fylgni við staðla hjá SP , Box 857, 501 15 BORÅS ID nr: 0402

Mattias Mårtensson
Smålandsstenar 2012-08-06



SE-333 33 Smålandsstenar
Tel 0371-340 00 Fax 0371-312 25
www.eab.se

Bruksanvisning i original
Revision 2012-08-14